



Fannnis Friðriksdóttir virtist hafa tryggt Valskonum fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í níu ár á sínum gamla heimavelli áður en Blikar jöfnuðu metin á lokasekúndu leiksins. Blikar eiga því enn veika von um að verja titilinn í lokaumferðinni um næstu helgi en þurfa að treysta á að Valur misstigi sig gegn Keflavík sem féll úr deildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir úr stórleiknum er að finna á **+Plús-síðu** Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Eftirlitsstofnanir halda áfram að stækka

Eftirlitsstofnanir ríkisins hafa stækkað jafnt og þétt síðustu ár. Útgjöld þeirra hafa aukist um helming frá árinu 2010 og fjöldi starfsmanna meira en tvöfaldast.

STJÓRNSÝSLA Útgjöld eftirlitsstofnana ríkisins jukust um meira en helming á árunum 2010 til 2018, á sama tíma hefur starfsfólki þeirra fjölgað umtalsvert. Í fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var fyrir helgi er gert ráð fyrir vaxandi útgjöldum eftirlitsstofnana.

Í tölum sem Fréttablaðið tók saman úr ársskýrslum 21 stofnunar sem sinnir eftirliti kemur í ljós að útgjöldin jukust um rúm sex prósent milli árunna 2010 og

2014. Útgjöldin jukust svo um rúm 47 prósent frá 2014 til 2018 þegar miðað er við verðlag ársins 2019, alls jukust útgjöld þeirra um rúm 57 prósent frá 2010 til 2018.

Þegar tekin eru saman framlög til stofnananna í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að útgjöld þeirra verði 2,3 prósentum hærri en árið 2018. Er þá bæði tekið mið af fjárlögreglum úr ríkissjóði og tekjum með gjaldtöku.

Tölur yfir starfsmenn fjórtán

eftirlitsstofnana, sem hægt var að staðfesta, sýna mikla fjölgun á þessum árum. Fór starfsmannafjöldinn úr 226 árið 2010 í 347 árið 2014, í lok árs 2018 var hann 691.

Sumar eftirlitsstofnanir eru alfarið fjármagnaðar á fjárlögum á meðan aðrar leggja skatt á þá aðila sem þær hafa eftirlit með. Í mörgum tilfellum er þó um að ræða blöndu af þessu tvennu. Til að meta umfangið tók Fréttablaðið saman útgjöld þeirra eins og þau koma

fram í ársskýrslum árunna 2010, 2014 og 2018.

Útgjöld 21 eftirlitsstofnunar jukust úr 12 milljörðum árið 2010 í 12,8 milljarða árið 2014 og í 19 milljarða króna árið 2018 þegar miðað er við verðlag ársins 2019. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöldin verði 19,5 milljarðar króna til þessara stofnana. Mestu munar um útgjöld til fjölmörgu nefndar sem fara úr tæpum 56 milljónum árið 2018 í 480 milljónir á næsta ári. – ab / sjá síðu

Keypti blokk af Heimavöllum

VIÐSKIPTI Fjárfestirinn Matthías Imsland keypti nýlega fjórtán íbúða blokk á Akranesi af Heimavöllum hf. Fjármögnun sótti Matthías til Íbúðalánasjóðs sem lánaði félagi hans, MPI ehf., rúmar 250 milljónir króna til 50 ára. Lánin eru aðeins ætluð óhagnaðardrífnum leigufélögum og háð reglum, meðal annars um að tekjur leigutaka fari ekki yfir ákveðin mörk og leiguverði sé stillt í hóf. Tveimur dögum eftir útgáfu afsals seldi Matthías tvær íbúðir fyrir samtals 50,6 milljónir. – bp / sjá síðu 4



Matthías Páll Imsland.

Ráðherra fundar með Haraldi Johannesen í dag

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur Haraldur Johannesen ríkislögreglustjóri á fund Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra í dag. Þar verður rætt um ástandið innan lögreglunnar og það sem fram hefur komið í fréttum undanfarna daga.

Gríðarleg olga er innan lögreglunnar eftir að viðtal við Harald birtist í Morgunblaðinu á laugardag.

Lögreglustjórar munu einnig funda um málið í dag. Fréttablaðið ræddi við lögreglustjóra sem lýsti yfir óánægju með Harald eftir viðtalið og telur líklegt að í kjölfar fundarins verði rætt við ráðherra.

– khg / sjá síðu 2

Betolvex B-12



1 mg (cyanocobalamin) filmhúðaðar töflur
Betolvex inniheldur 1 mg af cyanocobalamin (B12-vítamini). Betolvex er gefið við B12-vítamínskorti og þegar hættu er á slíkum skorti. Viðhaldsskammtar/ fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lýsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

ACTAVIS 914022



HEILSUDAGAR **nettó**
Mánudagur 16. sept.
Tilboð dagsins

Biona Kjúklingabaunir 400 gr
199 KR/PK
ÁÐUR: 349 KR/PK

43% AFSLÁTTUR


Koko Kókosdrykkur 1L
148 KR/PK
ÁÐUR: 259 KR/PK

koko DairyFree
Fresh tasting & versatile
Original
Free From Lactose & Soy
with added Calcium & Vitamins D3 & B12

Iceland Kjúklingabitar Allar tegundir
1399
Kr. pk.

Iceland

Veður



Vestan 13-20 og úrkomulítið með morgninum, hvassast á Suðausturlandi, en lægir síðan samán saman. Viða smá skúrir, en bjartviðri SA-til. Híti 5 til 10 stig að deginum, en allviða næturfröst inn til landsins.

SJÁ SÍÐU 14



Haraldur Johannessen ríkislög-reglustjóri. MYND/EINAR ÓLASON

Ráðherra fundar með Haraldi um stöðuna í dag

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur Haraldur Johannessen ríkislög-reglustjóri á fund Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra í dag. Þar verður rætt um ástandið innan lögreglunnar og það sem fram hefur komið í fréttum undanfarna daga.

Gríðarleg ólga er innan lögreglunnar eftir að viðtal við Harald birtist í Morgunblaðinu á laugar-dag. Í viðtalinu talar hann meðal annars um „rögsherferð“ á hendur sér og að reynt sé að koma honum frá með „svivirðilegum aðferðum“.

Lögreglustjórar munu einnig funda um málið í dag. Fréttablaðið ræddi við lögreglustjóra sem lýsti yfir óánægju með Harald eftir viðtalið og telur líklegt að í kjölfarið á fundinum verði rætt við ráðherra.

Lögreglustjórinn, sem vill ekki láta nafns síns getið, segist ekkert vita hvað Haraldur sé að tala um í þessu viðtali og að aðrir lögreglustjórar viti það heldur ekki. Hann segir að aldrei hafi verið ráðist á Harald, heldur hafi aðeins verið reynt að fá úrbætur á málum lögreglunnar. Það sé hlutverk ríkislög-reglustjóra samkvæmt lögum og vel útlistað. Því séð eðlilegt að lögreglumenn, sem notendur, hafi skoðun á því. Á hann þá meðal annars við bíla- og fatnaðarmál sem mikið hafa verið í deiglu. – khg

Feigð í Fífunni



Tveir víkingar í fullum herklæðum liggja óvígir eftir harkalegan og óvæginn bardaga í Fífunni í Kópavogi. Í fjarska er gengið frá þeim þriðja og engin miskunn sýnd. Víkingafélagið Rimmugýgur hélt sýningu á nördamenningarráðstefnunni Midgard Reykjavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aron vann Emmy-verðlaun

MENNING Aron Hjartarson vann Emmy-verðlaun á laugardagskvöld fyrir framúrskarandi skapandi árangur í gagnvirkri miðlun á óskrifuðu atríði.

Hlaut hann verðlaunin ásamt teymi hjá fyrirtækinu Framestone fyrir atríði í heimildarmyndinni Free Solo. Hún fjallar um kletta-klifursmann sem klifur klettinn El Capitan í Yosemite-þjóðgarðinum í Kaliforníu.



Aron Hjartarson

Aron og félagar hjá Framestone notuðu 360 gráðu kvikmyndatækni við tökurnar. Hægt er að nota sýndarveruleikagleraugu við að horfa á klifrið. – khg

Hvetur fólk til að borða diska og hnífapör

Bartosz Wójcik rekur fyrirtækið Eco Ísland sem selur ætan og umhverfisvænan borðbúnað. Hann hefur búið á Íslandi í áratug og segir dvöl sína í hreinasta landi heims hafa haft áhrif á hugmyndir hans um umhverfismál.

SAMFÉLAG „Hugmyndin er ekki flókin. Hún er bara sú að minnka úrgang sem myndast við neyslu á mat,“ segir Bartosz Wójcik, eigandi Eco Ísland. Fyrirtækið selur umhverfisvænan borðbúnað og matarilát sem brotna auðveldlega niður í náttúrunni og eru æt.

Bartosz flutti til Íslands frá Póllandi fyrir 10 árum og ætlaði sér að vinna hér á landi í eitt sumar en líkaði dvölin svo vel að hér er hann enn.

„Ég hef unnið sem kokkur á ýmsum veitingastöðum hér í Reykjavík síðastliðin sjö ár og í þeirri vinnu sér maður vel allan þann úrgang sem fellur til við framreiðslu, matargerð og neyslu matvæla,“ segir Bartosz.

„Ólíkt Donald Trump hef ég áhyggjur af hlýnun jarðar. Sem betur fer hefur sá hópur fólks sem er umhugað um umhverfið og ástand jarðarinnar stækkað ört síðastliðin ár og ég er í þeim hópi. Svo hefur það að búa í hreinasta landi heims haft áhrif á það hvernig ég hugsar um umhverfið og út frá því ákvað ég að einbeita mér meira að umhverfismálum,“ segir Bartosz.

„Vörurnar eru umhverfisvænar, ekki einungis vegna þess að þær eru framleiddar úr lifrænum og niðurbrotanlegum efnum heldur er framleiðsluferlið líka þannig að það hefur ekki mikil áhrif á umhverfið,“ segir Bartosz.

Vörurnar eru framleiddar úr hveitiklíði og vatni, en úr einu tonni af hveitiklíði og litlu magni af vatni verða til um 10.000 diskar, skálar og hnífapör sem brotna niður í umhverfinu á 30 dögum.

„Allir diskarnir, skálarnar og hnífapörin brotna mjög fljótt niður,“ segir Bartosz. „Svo er hægt að gera enn betur og borða bara hnífapörin



Bartosz Wójcik flutti til Íslands fyrir 10 árum og ætlaði aðeins að vera hér í eitt ár. Hann hefur starfað sem kokkur á ýmsum stöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Allir diskarnir, skálarnar og hnífapörin brotna mjög hratt niður.

og boxin undir matinn,“ bætir hann við og brosir.

„Það er nefnilega þannig að þetta er allt ætt og þolir bæði ofn og örbylgjuofn. Þú getur jafnvel bakað köku í diskunum og borðað svo allt upp til agna, sem þýðir ekkert rusl,“ segir Bartosz.

Aðspurður hvort ætur og umhverfisvænn borðbúnaður sé eitthvað sem vantar í veitingageirann á Íslandi segir hann að það sé ekki spurning. „Ég held að það sé þörf á umhverfisvænni kosti í öllum matvælaíðnaði. Þetta er eitthvað sem er nauðsynlegt að við öll séum meðvitund um og reynum að gera okkar besta.“

birnadrofn@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **30. SEPT** 8 mánudagar frá 20-23

KERFIÐ (stig 2) **2. OKT** 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Byrjað er alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfisins. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök.

STIG 2 Hvað meinar makker? Góð spurning. Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikið spilað og hægt að koma stakur/stök.

Upplýsingar og innritun:

í síma **898-5427** á netinu **bridge.is**

STAÐUR: Síðumúli 37, Reykjavík (Bridgesamband Íslands)



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STYTTU ÞÉR FAR

Ókeypis ástandsskoðun á bremsum 16.–27. september
hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



Við hvetjum Toyota-eigendur til að stytta hemlunarvegalengdina með ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði.

Afsláttur af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum.*

Engin vandamál – bara lausnir

1	Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

Viðræður í skötulíki

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hélt því fram í viðtali við Mail on Sunday að góður gangur væri í samningaumeitunum við Evrópusambandið um útgöngu Bretlands. Heimildarmenn dagblaðsins The Guardian innan ESB halda hins vegar öðru fram.



Boris Johnson.

„Okkur hérna er mikið niðri fyrir. Á þessu stigi er ekki einu sinni hægt að kalla þetta samningaviðræður. Á föstudag var í fyrsta skipti rætt efnislega um nokkurn skapaðan hlut, eitthvað sem hefði átt að gerast fyrir löngu og þar er langt í lokaniðurstöðu,“ sagði heimildarmaður sem vildi ekki láta nafns síns getið.

Johnson fundar með Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar ESB í dag. Landamæri Írlands verða þar aðalræðuefnið. Juncker hefur þegar sagt að tíminn sé orðinn naumur til ná samningi en að útganga án samnings yrði „klúður sem tæki mörg ár að laga“.

– khg

Le Pen ákærður fyrir fjárdrátt

FRAKKLAND Jean-Marie Le Pen, stofnandi frönsku Þjóðfylkingarinnar, hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt. Er hann sakaður um að hafa notað fé Evrópuþingsins til að greiða starfsfólki sínu í Frakklandi. Eru upphæðirnar sagðar nema milljónum evra, eða hundruðum milljóna króna. Þá hefur dóttir hans, Marine, einnig verið ákærð fyrir aðkomu að málinu.



Jean-Marie Le Pen

Frederic Joachim, lögmaður Le Pen, segir að málið málið sé skýrt dæmi um „afskipti dómsvaldsins af löggjafarvaldinu“ og að skjöldstæðingur sinn væri „mjög þreyttur á þessu“. Le Pen er 91 árs.

Á föstudag var Le Pen yfirheyrður í fjóra tíma og bar sig illa eftir það. „Rannsóknardómarnir spurðu margra spurninga um þetta mál sem ég tel vera pólitískt svindl,“ sagði Le Pen. Hann þarf að mæta aftur til yfirheyrslu 25. október. – khg

Matthías keypti blokk á Akranesi af Heimavöllum hf.

Fjárfestirinn Matthías Imsland keypti nýlega fjórtán íbúða blokk á Akranesi af leigurisanum. Hann fjármagnaði kaupin með lánum til 50 ára frá Íbúðalánasjóði sem aðeins eru ætluð óhagnaðardrifnum leigufélögum. Slík félög þurfa að uppfylla ströng skilyrði en meðal annars eru arðgreiðslur bannaðar.

VIÐSKIPTI Matthías Imsland keypti nýverið fjórtán íbúða blokk við Asparskóga 4, í eftirsóttu nýbyggingahverfi á Akranesi. Hann keypti fasteignina af leigurisanum Heimavöllum í gegnum einkahlutafélag sitt, MPI ehf. Kaupverð fasteignarinnar liggur ekki fyrir en til þess að fjármagna kaupin fékk félag Matthíasar um 250 milljónir króna að láni til 50 ára frá Íbúðalánasjóði. Vaxtakjörin eru 4,20 prósent. Alls fékk félag hans fjórtán lán á bilinu 13-23 milljónir króna en einu láni var þinglýst á hverja íbúð fyrir sig.

Lánin sem félag Matthíasar fékk lúta sérstökum kröfum samkvæmt reglugerð frá árinu 2013. Meðal annars skulu lánin aðeins veitt til óhagnaðardrifinna leigufélaga. Ákvæði þess efnis er í stofnskrá fyrirtækis Matthíasar.

Félög sem fá slík lán þurfa einnig að uppfylla margs konar önnur skilyrði. Þannig er óheimilt fyrir fyrirtæki að greiða út arð og allur hagnaður af rekstrinum skal fara til uppbyggingar og viðhalds íbúðanna. Þá skal launagreiðslum stillt í hóf. Einnig er tekið fram að félög skuli „hafa það sem langtímamarkmið að eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis“.

Tveimur dögum eftir að félag Matthíasar fékk í hendurnar afsal fyrir íbúðunum fjórtán frá Heimavöllum seldi félagið tvær íbúðir í blokkinni fyrir samtals 50,6 milljónir króna. Til þess þurfti hann sérstakt leyfi frá Íbúðalánasjóði sem var veitt. Fjármunina notaði hann meðal annars til að greiða upp rúmlega 29 milljóna króna lán frá sjóðnum sem hvíldu á íbúðunum tveimur.

Dæmi um aðrar kröfur sem kveðið er á um í reglugerð er að meðalárstækjur íbúa skuli ekki fara yfir ákveðna upphæð. Þá eru sérstakar reglur um hvernig reikna skuli út leiguverð. Í einfölduðu máli skal leiguverð íbúðanna vera sem hlutfall af afborgunum lána Íbúðalánasjóðs að viðbættum rekstri og viðhaldi. Við kaupin tók félag Matthíasar yfir leigusamninga Heimavalla við leigjendur að Asparskógum. Rekstur Heimavalla er langt í frá góðgerðarstarfsemi enda er félagið á markaði og ákveðin arðsemiskrafa ræður þar för. Sú krafa endurspeglast í leiguverði íbúðanna. Þrátt fyrir kröfuna um



Fjárfestirinn Matthías Imsland byggir upp óhagnaðardrifið leiguveldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Heimavellir hafa reynt að losa um eignir undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

engan hagnað bendir ekkert til þess að leiguverð leigutaka Matthíasar muni lækka.

Matthías hefur áður nýtt sér þessa fjármögnunarleið til kaupa á ellefu íbúðum í Vestmannaeyjum á síðasta ári. DV og Stundin fjölluðu um kaupin á sínum tíma. Þar kom fram að Matthías var aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, á árunum 2013-2016. Á þeim tíma undirritaði Eygló reglugerðina um leigubúðalán Íbúðalánasjóðs sem Matthías hefur síðan nýtt sér til að byggja upp óhagnaðardrifna leigufélagið sitt. Matthías hefur þó opinberlega þvertekið fyrir að hafa haft formlega aðkomu að Íbúðalánasjóði. Benti hann á að lánsfjármögnunin stæði öllum til boða svo lengi sem félagið uppfyllti skilyrði Íbúðalánasjóðs. bjornth@frettabladid.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

jeep.is



35" BREYTTUR

JEEP® GRAND CHEROKEE FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÓÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

„Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðalbókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.

Ingunn Guðbrandsdóttir
fyrirverandi nemandi í Framabraut
-Viðurkenndur bókari



BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **2. október** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **19. september** • Morgun- og kvöldhópur • **25 skipti**

STÖK NÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR

- Navision-fjárhagsbókhald
Hefst **4. nóvember**
- DK-fjárhagsbókhald
Hefst **4. nóvember**



FRÆDSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Námið skiptist í fimm hluta:
- Bókhald – grunnur • Verkefnastjórnun með MindManager
- Bókaranám fyrir lengra komna • Skattskil einstaklinga með rekstur
- Viðurkenndur bókari

Hefst **2. október** – lýkur **15. desember 2020**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á [promennt.is](https://www.promennt.is)

PROMENNT

Útgjöld eftirlitsstofnana aukast áfram

Umfang eftirlitsstofnana ríkisins hefur aukist umtalsvert á síðustu átta árum. Árið 2014 var sett vinna í gang við að fara yfir regluverk stofnananna með gögn OECD um hagkvæmni og skilvirkni til hliðsjónar en sú vinna rann út í sandinn vegna fjárskortis.

STJÓRNSÝSLA Útgjöld eftirlitsstofnana jukust um meira en helming á árunum 2010 til 2018, á sama tíma hefur starfsfólki eftirlitsstofnana ríkisins fjölgað umtalsvert. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs sem kynnt var fyrir helgi er gert ráð fyrir vaxandi útgjöldum eftirlitsstofnana.

Í tölum sem Fréttablaðið tók saman úr ársskýrslum 21 stofnunar sem sinnir eftirliti kemur í ljós að útgjöld stofnananna jukust um rúm 57 prósent frá 2010 til 2018.

Þegar tekin eru saman framlög til stofnananna í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að útgjöld þeirra verði 2,3 prósentum hærra en árið 2018.

Alls sinna 34 stofnanir eftirliti hér á landi, sumar þeirra hafa það ekki sem aðalhlutverk. Er því erfitt að meta heildarumfang. Sem dæmi gaf Seðlabanki Íslands frá sér tölur um eftirlitshlutverk sitt í tengslum við fyrirspurn Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, árið 2016, var þá fjöldi stöðugilda sem sinni eftirlitsstörfum kominn í 24 úr 10. Samkvæmt nýjustu ársskýrslu sinna 11 starfsmenn eftirliti af alls 184 starfsmönnum.

Nokkrar eftirlitsstofnanir hafa ekki gefið út ársskýrslu og er ekki að finna á fjárlögum, eru það Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar, sem starfar innan félagsmálaráðuneytisins, og Endurskoðendaráð og Eftirlitsnefnd fasteignasala sem fjármagna sig alfarið með gjaldtöku.


Ein ný eftirlitsstofnun tók til starfa á tímabilinu sem Fréttablaðið skoðaði. Nefnd um eftirlit með lögreglu tók til starfa í byrjun árs 2017. Útgjöldin fyrsta starfsárið voru 12,8 milljónir, ári eftir voru útgjöldin komin upp í 21,7 milljónir.

Til að meta umfang eftirlitsstofnana tók Fréttablaðið saman útgjöld 21 stofnunar eins og þau koma fram í ársskýrslum árunum 2010, 2014 og 2018. Útgjöld þeirra fóru úr 12 milljörðum króna árið 2010 í 12,8 milljarða árið 2014 og í 19 milljarða króna árið 2018 þegar miðað er við verðlag ársins 2019.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að útgjöldin verði 19,5 milljarðar króna til þessara eftirlitsstofnana.


Starfsmannafjöldi fjórtán eftirlitsstofnana, sem hægt var að staðfesta í ársskýrslum, sýnir mikla fjölgun á þessum árum. Fór starfsmannafjöldinn úr 226 árið 2010 í 347 árið 2014, í lok árs 2018 var hann 691.

Nokkur umræða skapaðist um eftirlitsstofnanir árið 2013 í tengslum við vinnu hagræðingar-



Fjárlög næsta árs voru kynnt í síðustu viku. Útgjöld til eftirlitsstofnana ríkisins halda áfram að aukast líkt og fyrri ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Útgjöld eftirlitsstofnana



Útgjöld í milljónum króna

Stofnun	2010	2014	2018	2020
Embætti landlæknis	354,2	1.082,4	1.388,0	1.362,0
Ferðamálastofa	558,4	474,9	712,7	692,0
Fjármálaeftirlitið	1.220,0	1.677,0	2.125,0	2.383,0
Fjölmíðlanefnd	10,3	37,4	55,9	48,0
Umhverfisstofnun	949,8	1.196,0	2.161,0	2.228,0
Lyfjastofnun	417,9	559,1	736,3	848,0
Geislavarnir ríkisins	74,1	75,4	130,0	144,0
Samkeppniseftirlitið	287,8	398,6	499,3	518,0
Orkustofnun	681,6	521,6	680,1	746,0
Neytendastofa	119,4	160,0	244,0	289,0
Samgöngustofa	1.674,2	1.260,0	2.623,9	2.731,0
Fiskistofa	775,2	793,2	985,0	1.033,0
Matvælastofnun	800,4	951,0	1.948,2	1.884,0
Persónuvernd	63,0	96,0	293,0	305,5
Útlendingastofnun	219,0	265,0	575,5	673,0
Skipulagsstofnun	184,0	229,5	326,5	354,0
Vinnueftirlit ríkisins	464,0	571,0	966,9	1.074,0
Póst- og fjarskiptastofnun	315,0	359,0	481,0	448,0
Mannvirkjastofnun		466,0	607,5	568,0
Jafnréttisstofa	80,0	91,0	128,0	143,0
Hugverkastofan	191,0	321,0	458,0	604,0
Samtals	9.439,3	11.585,1	18.125,8	19.507,5
Samtals verðlag 2019	12.098,0	12.895,0	19.068,0	19.507,5

Fjöldi starfsmanna

Stofnun	2010	2014	2018
Embætti landlæknis	63,0	56,0	71,0
Ferðamálastofa	11,0	14,0	22,0
Fjármálaeftirlitið	87,0	117,0	117,0
Fjölmíðlanefnd	1,5	2,0	3,0
Umhverfisstofnun	72,0	72,0	115,0
Lyfjastofnun	48,0	55,0	61,0
Geislavarnir ríkisins	10,0	10,0	11,0
Samkeppniseftirlitið	23,0	25,0	26,0
Orkustofnun	37,0	42,0	36,0
Neytendastofa	18,0	15,0	16,0
Fiskistofa	77,0	66,0	60,0
Matvælastofnun	75,0	91,0	99,0
Hugverkastofan	24,0	26,0	36,0
Persónuvernd	8,0	9,0	18,0
Samtals	226,5	347,0	691,0

hóps ríkisstjórnarinnar. Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi varaformaður hagræðingarhópsins og núverandi utanríkisráðgjafi, sagði við Fréttablaðið í september 2013 að fyrri ríkisstjórn hefði forgangsráðað í þágu eftirlitsiðnaðarinnar. Vildi hann þá endurskipuleggja kerfið með það að markmiði að ná fram hagræðingu. Gagnrýndi hann

meðal annars að framlög til fjölmíðlanefndar hefðu hækkað úr 17,5 milljónum árið 2008 í 38,5 milljónir árið 2012.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðgjafi, skipaði vinnuhóp sumarið 2014 til að fara yfir lög, reglur og stjórnsýslu mikilvægra eftirlitsstofnana. Sá hópur skilaði áfangaskýrslu haustið 2014

Við áttum að skoða allar reglur og fara yfir allar eftirlitsstofnanir. Það er bara lífstíðarverkefni.

Skúli Sveinsson, lögmaður



þar sem lagt var til að heildarendurskoðun yrði gerð á eftirlitsstofnunum þar sem verkefni þeirra yrðu greind og að því búnu sameinuð og samþætt. Einnig að fjárveitingar til eftirlitsstofnana yrðu grundvallaðar á árangursmati og að þingnefnd yrði falið að hafa eftirlit með starfsemi þeirra.

Miðuðu tillögurnar að því að stofnanirnar hættu að vera í eins konar löggæsluhlutverki og yrðu þjónustustofnanir. Til hliðsjónar voru gögn og skýrslur OECD um hvernig stuðla megi að hagkvæmni og skilvirkni við meðferð mála.

Skúli Sveinsson lögmaður, sem gegndi formennsku í vinnuhópnum, segir að vinnan hafi runnið út í sandinn eftir útgáfu fyrstu áfangaskýrslunnar. „Það virtist ekki vera áhugi hjá stjórnvöldum á að halda starfi hópsins áfram, eftir að ég skilaði skýrslunni heyrði ég ekki meira af þessu,“ segir Skúli.

Verkefnið var mjög umfangsmikið. „Við áttum að skoða allar reglur og fara yfir allar eftirlitsstofnanir. Það er bara lífstíðarverkefni. Það kostar stórfé að skoða þetta af einhverri alvöru,“ segir Skúli. „En ef þú setur það í samhengi við kostnaðinn við að reka eftirlitsstofnanirnar þá væri hægt að setja af stað vinnu við að straumlínulaga kerfið fyrir aðeins 0,1 prósent af þeim kostnaði, það var meira en við fengum.“

arib@frettabladid.is

Varmadælur & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn kælímíðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

ÖFLUGT ÚRVAL AF VERKFÆRUM OG FYLGIHLUTUM

TILBOÐ

VINNUSTÓLL STILLANLEGUR

Stillanlegur með hillu.
360° snúningur

vnr TR6201C

5.400 m/vsk

Fullt verð 6.751



TILBOÐ

LOFTKEFLI 14M

Loftkefli 14m með
veggfestingu
Vinnuþrýstingur 18 Bar
PVC
3/8" Tengir

vnr TR103015Q

9.900 m/vsk

Fullt verð 13.567



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 28 STK 1/2"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppár:
8,9,10,11,12,13,14,15,16,17,
18,19,21,22,23,24,27,30,32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður
Framlenging með LED ljósi

vnr IBTGCAI2802

9.132 m/vsk

Fullt verð 12.397



TILBOÐ


TOPPLYKLASETT 35 STK 3/8"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppár:
6,7,8,9,10,11,12,13,14,15,
16,17,18,19,21,22mm
1/4", 5/16", 3/8", 7/16", 1/2",
9/16", 5/8", 11/16", 3/4",
13/16", 7/8"
Framlengingar: 3" & 6"

vnr IBTGCAI3501

7.991 m/vsk

Fullt verð 10.655



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 1/4" & 1/2" 96 STK

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður,
skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og
fleira.

vnr IBTGCAI9601

23.512 m/vsk

Fullt verð 31.350



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppár 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E-toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

23.834 m/vsk

Fullt verð 32.208



TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR 227 STK

7 skúffur
1/4", 3/8" og 1/2"
topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og
skrúfjárn, djúpír toppar.

vnr IBTGCAJ0001

164.756 m/vsk

Fullt verð 193.830



TILBOÐ

BORÐ Á HJÓLUM MEÐ SKÚFFU

Verkfæraborð með skúffu og hillu.
Heildarstærð:
690 (L) x 470 (B) x 815 (H) mm
Skúffa:
578 (L) x 378 (B) x 75 (H) mm

vnr IBTTCAD0101

29.321 m/vsk

Fullt verð 36.651



TILBOÐ

VERKFÆRAVAGN PRO+ 322 STK

Fastir lyklar, fastir lyklar og skrallyklar
Toppilyklasett 1/4" og 1/2"
Toppilyklasett 3/8" og skrúfjárn
Hertir 1/2" toppar og 1/2" bitar,
Sexk. Torx og Spline.

vnr IBTGE32203

194.493 m/vsk

Fullt verð 228.815



TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR 283 STK

Toppilyklasett 1/4", 3/8" og
1/2", tangasett, splittangasett,
skrúfjárnasett, fastir lyklar,
sexkantasett, meitla- og hamrasett
o.fl.

vnr IBTGT-28305

173.090 m/vsk

Fullt verð 207.656



Schengen



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Líkt og var með þriðja orkupakkann á sínum tíma er hætt við vaxandi undiröldu gegn aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Nýleg orðræða talsmanna lýðhylli í greinaskrifum og í útvarpi lýsir efasemdum og jafnvel andstöðu gegn samstarfinu.

Það er því full þörf á staðfestu og varðstöðu stjórnmalamanna um þetta mikilvæga mál.

Schengen-samstarfið, sem tók gildi með samningi 2001, er samstarf Evrópuríkja á sviði landamæraeftirlits og löggæslu sem byggir á Schengen-samningnum. Markmiðið er að auðvelda ferðir fólks innan Evrópu og tryggja öryggi borgaranna með samvinnu.

Norðurlöndin fimm ákváðu árið 1996 að taka þátt í samstarfinu enda höfðu þau í áratugi leyst ríkisborgara annarra Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu. Norræna vegabréfasambandið féll að vissu leyti inn í Schengen-samstarf Evrópusambandsins.

Schengen-samstarfið felst í grundvallaratriðum í tvennu. Annars vegar afnámi vegabréfaskoðunar á innri landamærum þátttökuríkja og hins vegar mótvægisáðgerðum, sem felast einkum í samræmdum reglum um eftirlit á ytri landamærum Schengensvæðisins. Reglur um vegabréfsáritanir hafa verið samræmdar þannig að áritun í einu aðildarríki gildir í þeim öllum. Þá er samvinna lögreglu ríkja og baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi auðvelduð með rekstri sameiginlegs upplýsingakerfis sem geymir upplýsingar um eftirlýsta einstaklinga og framsalsbeiðnir.

Að auki hefur Ísland, í gegnum Schengen-samstarfið, aðild að Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex). Flugvélar og varðskip Landhelgisgæslunnar hafa tekið þátt í verkefnum Frontex í áráraðir.

Talsmenn lýðhylli víða um Evrópu eru óþreypandi að benda á þær fordæmalausu áskoranir sem Schengen-samstarfið hefur sætt síðustu ár vegna fjölgunar flóttamanna og vegna aukinnar öryggisógnar frá hryðjuverkaárásam. En þessar áskoranir eru ekki rök gegn samvinnu. Þvert á móti sýna þær fram á nauðsyn alþjóðasamvinnu, ekki síst fyrir smærri þjóðir.

Áskoranirnar felast einnig í fjölgun ferðamanna. Sú þróun kallar á upplýsingar til að tryggja öryggi. Það er gálið að ætla að Íslendingar geti sinnt eftirliti einir og sér óháð samvinnu við aðra. Miðlun upplýsinga og virk alþjóðasamvinna lögreglu er okkur nauðsyn. Það fæst með Schengen-samstarfinu.

Það þýðir þó ekki að samstarfið eða upplýsingakerfi þess sé hafði yfir gagnrýni. Ör þróun í upplýsingatækni og alþjóðaáskoranir kalla á sífellt endurmat og aðlögun.

Í þeirri þingmálaskrá sem liggur fyrir 150. löggjafarþingi hefur dómstálaráðherra listað nokkur mál tengd Schengen-samstarfinu. Þar á meðal að breyta á lögum um Schengen-upplýsingakerfið og kynna útgáfu og notkun nafnskrirteina sem jafnframt væru ferðaskilríki á Schengen-svæðinu.

Það er mikilvægt að nýr ráðherra dómstála sendi skýr skilaboð um stuðning við Schengen-samstarfið. Þannig stendur hún vörð um íslenska hagsmuni og öryggi.



Það er mikilvægt að nýr ráðherra dómstála sendi skýr skilaboð um stuðning við Schengen-samstarfið. Þannig stendur hún vörð um íslenska hagsmuni og öryggi.

Halldór



Frá degi til dags

Lítið heyrir

Allir áhugamenn um borgarpólitík hljóta að finna fyrir þungri undiröldu gagnrýni vegna umferðarmála í borginni. Reykvikingar og nærsveitarmenn verja löngum stundum í bilum eða almenningsfarartækjum í endalausum umferðarþeppum. Á vinnustöðum og torgum segja menn nýjustu dæmisögurnar um hversu lengi það tók þennan og hinn að fara á milli borgarhluta, svo ekki sé talað um eferðinni er heitið í annað bæjarfélag. Þetta slær alla illa. Nema ef vera skyldi Dag B. Eggertsson borgarstjóra og Hjalmar Sveinsson skipulags- og samgöngugúrú borgarinnar. Það heyrir lítið frá þeim.

Tvístiga enn

Maður vikunnar er Jón Gunnarsson, nýkjörinn ritari Sjálfstæðisflokksins og þingmaður í Suðvesturkjördæmi. Hann segist hafa fulla trú á því að flokkurinn eigi mikið inni. Fylgið hefur dalað að undanfögnu enda flokkurinn talsvert tvístigandi. Jón segir að slæmri fylgisþróun þurfi nauðsynlega að snúa við. Því þurfi að „kalla heim til okkar aftur þá sem hafa tímabundið, vona ég, fallið frá því að styðja flokkinn“, segir Jón. Hann lætur ósvarað hvort horft sé til Viðreisnar eða Miðflokksins. Við biðum öll spennit eftir svörum ritarans.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Öryggi sjúklinga



Alma Dagbjört Möller
landlæknir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákveðið að 17. september verði alþjóðadagur öryggis sjúklinga. Mikilvægt er að nota daginn til að vekja athygli á öryggi sjúklinga og til hvatningar um að gera betur.

Með öryggi sjúklinga er átt við að sjúklingar hljóti ekki skaða af þeirri þjónustu sem ætlað er að bæta heilsu þeirra og lífsgæði. Því miður hefur reynst erfitt að tryggja öryggi í heilbrigðisþjónustu sem verður sífellt flóknari, en ætlað er að um 10% sjúklinga á sjúkrahúsum á Vesturlöndum verði fyrir einhvers konar atviki. Þetta er auðvitað ekki ásættanlegt og brýnt að bæta úr.

Með atviki er átt við að eitthvað fer úrskeiðis við greiningu, meðferð eða umönnun sjúklings, hvort heldur það veldur sjúklingi skaða eða ekki og hver svo sem skýringin er. Algengustu flokkar atvika eru byltur, lyfjatengd atvik, sýkingar og legusár. Víða er unnið með markvissum hætti til að fyrirbyggja slík atvik, starfsfólki til hross. Talið er að megi fyrirbyggja allt að 50% atvika og spara þannig bæði þjáningar og fjármuni.

Til að efla öryggi sjúklinga þarf að huga að mörgum þáttum. Eitt er að auka þekkingu og vitund bæði heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga um hvar hættur geti leynst. Annað er að skapa umgjörð og verkferla sem koma í veg fyrir eða minnka hættu á atvikum. Öryggismenning ríkir þegar öryggi er í öndvegi.

Rannsóknir sýna að þegar alvarleg atvik verða er sjaldan einhverju einu um að kenna heldur leggst margt á eitt. Mikilvægt er að læra af hverju einasta atviki, þar sem áherslan er ekki að finna blóraböggul heldur gera úrbætur á kerfislægum þáttum til að hindra að atvik endurtaki sig.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á mikilvægi stjórnvalda. Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram Heilbrigðisstefnu þar sem áhersla er m.a. á bættu mönnun sem er forsenda öryggis. Þá hefur landlæknir lagt fram Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu en öryggi er mikilvægur þáttur gæða. Brýnt er að innleiðing beggja takist sem best. Til þess að efla öryggi þurfa allir að hjálpast að; stjórnvöld, heilbrigðisstarfsfólk og notendur þjónustu. Vinnum saman að bættu öryggi sjúklinga, við verðum!



Til þess að efla öryggi þurfa allir að hjálpast að; stjórnvöld, heilbrigðisstarfsfólk og notendur þjónustu.

Hleðslutæki

Ekki láta rafgeyminn skemmast í vetur

Mikið úrval hleðslutækja og vaktara fyrir allar gerðir rafgeyma

15%
AFSLÁTTUR
TIL
1. OKTÓBER



Hleður og vaktar rafgeyminn þinn

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Mín kynslóð

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Að undanfögnu hefur í sívaxandi mæli runnið upp fyrir mér ákveðið ljós. Ég hef áttað mig á því, og orðið töluvert uppnuminn af þeirri greiningu minni í fámennum hópum, að mín kynslóð — fólk sem er fætt circa níttjándruð og sjötíu, áttatíu — hefur mátt búa við það alla sína hunds- og kattartíð að hafa hangandi yfir sér hinar ægilegustu heimsendaspár. Mannkynið hefur alltaf verið við það að deyja í heild sinni — fyrir utan Bruce Willis — hinum skelfilegasta dauðdaga. Þegar kjarnorkusprengrja myndi springa á Miðnesheiði, var mér tjáð tíu ára, myndi maður líklega missa húðina á hlaupum, hægt og sigandi, undan sprengjubyrgjunni og deyja þannig að maður svona nokkurn veginn bráðnaði ofan í malbikið. Þetta var manni sagt á yfirvegaðan hátt af eldra fólki í sömu andrá og það var áréttað fyrir manni að lesa blaðsíðurnar í símaskránni þar sem útlitast var hvernig ætti að bregðast við ef sveppurinn sæist yfir Keflavík. Ég átti mér stað í gluggalausri kompu niðri í kjallara. Þar ætlaði ég að hnipra mig inni í skáp á bak við gamla vögg.

Án framtíðar

Svona var bernskan. Litlir opineygðir krakkar í náttfötunum spáðu í viðbrögð við atombombum. Ég vil meina að þessar kringumstæður hafi markað mína kynslóð mun meira og dýpra en víðurkennt er. Upp óx kaldhæðid lið. Sumir segja lítið afgerandi jafnvel. En svona var veganestið: Framtíðin varð lúxus. Ekki var víst að hún yrði yfir höfuð nokkur. Hvers vegna að æsa sig? Upp óx kynslóð án framtíðar. Nú þegar þessi kynslóð er orðin ráðandi á miðjum aldri leggur hún enda á það höfuðáherslu í sínum aðgerðum — og skal engan undra — að vera sem mest í núinu. Lifid er núna. Njótum. Á morgun gætirðu allt eins verið dáinn.

Auðvitað er það alltaf svo, að ef maður hugsar eitthvað merkilegt og finnst jafnvel eins og maður hafi fattað eitthvað alveg sjálfur, að þá er bókað að einhver annar er fyrir löngu búinn að koma orðum að þessu mun betur. Þurfti ekki sjálfur forseti lýðveldisins einmitt að ræða nákvæmlega þessar pælingar í ávarpi sínu við þingsetningu um daginn. Gat nú skeð. Þar vitnaði forsetinn í skáldkonuna Ingibjörgu Haraldsdóttur sem orðaði þennan heimsendaveruleika á snilldarhátt í sínum skrifum. Það var ekki bara kjarnorkuváin. Það var alnæmi, fuglaflensa, ebóla, vatnsskortur, eiturylf, hryðjuverk, glæpir. Allt skyldi tortíma mannkyni. Ég man sterkt eftir því þegar sú umræða skapaðist að líklega yrði leiknum lokið um leið og Kínverjar byrjuðu að nota skeinipappír.

Ég veit ekki hvernig það mál endaði, en hitt er annað: Endalokin hafa alltaf vomað yfir. Ég man varla eftir nokkru tímaskeiði á minni ævi þar sem ekki hafa farið fram alvörugefnar umræður um það hvað granda myndi mannkyni. Meira að segja ánægjuleg tímamót einsog aldamótin urðu uppspretta heimsendakenninga. Þegar tímatalið færi úr 1999 í 2000 áttu allar flugvélar að hrapa út af

kerfisvillu og tölvur að klikkast. En það gerðist ekki.

Næsta kynslóð

Kem ég þá að því sem ég vildi sagt hafa. Ég boða ekki ábyrgðarleysi. Ég boða ekki að engar heimsendaspár skuli taka alvarlega. Ég segi ekki að allt muni reddast. Ég boða ekki kæruleysi. Frekar vil ég sagt hafa, að einmitt það sem þó hefur komið í ljós í skugga heimsendanna er það, að þrátt fyrir

allan háskann, hörmungarnar og illskuna, virðist vera til kraftur í veröldinni sem er eiginlega ekki hægt að kalla neitt annað en „hið góða“. Ég held að þetta sé lærdómur tímans. Hið góða myndast þegar nógu margir hafa áhyggjur. Þegar nógu margir sjá að háskinn er handan við hornið verður til einhvers konar djúpkraftur, bylgja ótal misstórra aðgerða sem saman koma í veg fyrir að háskinn verði að hörmungum. Þetta hefur

maður séð gerast hvað eftir annað. Kannski hefur heimsendakynslóðin þróað með sér einhvers konar hæfni til að verja mannkynið gegn vām á ómeðvitaðan og þokukenndan máta, eins og líffræðileg samhæfni til að lifa af hafi orðið til í skugga kjarnorkusprengrjunnar.

Það er til vitnis um þetta sama í mínum huga — um þessa seigu lifslöngun — að nú vex ný kynslóð úr grasi sterkari og ákveðnari en nokkurt fólk hefur áður verið

í heimssögunni í því að verjast aðstejandi hörmungum. Ögnin er risastór. Kannski sú stærsta. Hamfarahlýnunin er brostin á og ógnar öllu mannkyni. Viðbrögð minnar vanmetnu kynslóðar hafa þá kannski verið þessi. Í högværa núinu sínu og blíðri von um að háskanum verði ætíð bægt frá höfum við alið upp með hægð fólk sem mun berjast af fullum krafti fyrir því sem við höfum af veikum mætti reynt að verja: Framtíðinni.


www.frettabladid.is

Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að fréttu!

FRETTLADID.IS




Sölvi fagnaði bikarmeistaratitli í fimmta sinn á ferlinum um helgina en nú með uppeldisfélagi sínu, átján árum eftir að hann steig fyrstu skref sín með meistaraflokki Vikings. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Fyrsta skrefið í rétta átt hjá Víkingi

Víkingur vann um helgina bikarmeistaratitilinn í annað sinn og batt félagið um leið enda á 28 ára bið eftir titli. Þessi var sá stærsti á ferlinum, segir fyrirliðinn Sölvi Geir Ottesen, sem vann fimmta bikarmeistaratitil sinn um helgina, nú með uppeldisfélagi sínu.


FÓTBOLTI „Þessi er í efsta sæti, sá langstærsti á ferlinum, það er engin spurning. Enginn af hinum titlum kemst í nálægð við þennan, að ná að vinna titilinn fyrir framan fjölskylduna og fólkið í hverfinu,“ segir Sölvi Geir Ottesen brosandí í samtali við Fréttablaðið, aðspurður út í tilfinninguna að vinna bikarmeistaratitilinn með uppeldisfélagi sínu, Víkingi Reykjavík, um helgina. Sölva féll sá heiður í skaut að lyfta bikarnum í leikslok eftir verðskuldaðan 1-0 sigur Vikings á FH. Þetta er fimmti bikarmeistaratitill Sólva á ferlinum en hann varð tvívegis bikarmeistari með Djurgården, bikarmeistari með FC Kaupmannahöfn í Danmörku og með Jiangsu Sainty í Kína.

Með þessu tókst Víkingi að brjóta þykkan ís og vinna sinn fyrsta titil í knattspyrnu í 28 ár eða frá því að Víkingar urðu Íslandsmeistarar

árið 1991. Sölvi er einn þriggja leikmanna sem komu við sögu í gær sem voru fæddir þegar Víkingur vann síðast titil en hinir eru Þórður Ingason og Halldór Smári Sigurðsson. Enginn leikmaður liðsins var fæddur þegar Víkingur vann fyrri bikarmeistaratitil sinn árið 1971, ekki heldur Arnar Gunnlaugsson, þjálfari félagsins.

„Ég og Halldór Smári munum lítið eftir Íslandsmeistaratitlinum árið 1991, Kári man eitthvað eftir þessu en það var löngu kominn tími á þetta. Maður er í þessu til að vinna titla en ekki bara til að vera með. Fyrir leikmennina í hópnum sem hafa ekki unnið titla á ferlinum er þetta frábær reynsla, að fá að upplifa það að taka við titli.“

Sölvi var einn þriggja leikmanna yfir þritugt í liði Vikings og hrósaði yngri leikmönnum liðsins.



Sölvi hrósaði Kára fyrir þátt hans um helgina. FRÉTTABLAÐID/VALLI

„Þetta eru frábærir strákar í þessu liði og eiga framtíðina fyrir sér. Þeir eru búnir að taka út heilmikinn þroska frá því í byrjun móts og taka skref upp á við. Núna er það undir okkur komið að byggja ofan á þetta

og halda áfram í staðinn fyrir að láta liða langan tíma á milli titla. Núna er markmiðið sett á að enda tímabilið af krafti og bæta stigamet félagsins í efstu deild, það verður gulrótin okkar það sem eftir lifir tímabilsins. Svo verður hópurinn styrktur og við stefnum hærra,“ segir fyrirliðinn og tekur undir að titlar séu lím sem haldi leikmannahópum saman.

Þjálfari Vikings, Arnar Gunnlaugsson, tekur í sama streng.

„Þetta er fyrsta skrefið af vonandi mörgum hjá félaginu, þessir strákar eiga framtíðina fyrir sér. Það hættulegasta í stöðunni er að menn verði saddir og sofni á verðinum.“

Á næsta ári þurfa allir að gera betur og þá getum við kannski gert atlögu að þeim stóra. Þetta eru flottir strákar og með réttri kænsku eru allir möguleikar opnir fyrir þetta félag. Við ætlum að koma í veg fyrir

að jafn langt liði næst á milli titla hjá félaginu.“

Í aðdraganda leiksins var nafn Kára Árnasonar helst í umræðunni eftir að miðvörðurinn meiddist í landsleik Íslands í síðustu viku. Aðspurður út í hlutdeild Kára í titlinum fer Sölvi fögrum orðum um félagi sínu.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is sími: 773 6000

MIKLABORG 569 7000 · Lág múla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

MARKAÐURINN

Fyrst og fremst viðskiptafréttir

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

Staflanlegir plastkassar

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri www.geirihf.is

Schoeller Allibert
Innovating your logistics for a better world

Staflanlegur í ýmsum litum

Brauðkassi

Stafanlegur 60x40 cm

Kælikassi fyrir heimsendingar

Hjólavagnar Dolly

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri www.geirihf.is

STÖRELDHÚS

wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MED



Dondola®
360°
VELTITÆKNI

Einn besti skrifstofu- stóllinn fyrir bakveika

Hirzlan Skrifstofuhúsgögn eru þessa dagana með sérstakt tilboðsverð á hinum rómuðu Wagner skrifstofustólum, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það.

Skrifstofustólarnir frá Wagner hafa heldur betur slegið í gegn, enda hafa fjölmargir fagaðilar og einstaklingar mælt sérstaklega með þessum frábæru stólunum. Ólafur Gunnar Guðlaugsson barnabókahöfundur er einn þeirra.



Ólafur Gunnar Guðlaugsson

„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann. Í tugi ára hafði morgunrúttina mín verið að liðka um klemmdu taugina

í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðréttu. Sem sagt óþolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.

Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækninni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá stífnar hún síður og festist. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomedic 100-3, og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“



-36%

NÚ Á TILBOÐSVERÐI

119.900 kr.

ÁÐUR Á 189.900

ERGOMEDIC 100-3 skrifstofustól frá Wagner, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu.

FAGAÐILAR MÆLA
MEÐ WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrálfari



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1815 Vínarfundurinn settur í Vínarborg, þar sem ráðamenn í Evrópu freista þess að koma á stöðugleika í álfunni eftir frönsku byltinguna og Napóleonsstýrjaldirnar.

1851 Bandaríska fréttablaðið The New York Times kemur út í fyrsta skipti.

1885 Landsbanki Íslands, elsti banki landsins, er stofnaður. Hann fór í þrot í október 2008.

1919 Holland verður með fyrstu ríkjum í Evrópu til að veita konum kosningarétt.

1946 Lögbing Færeyja lýsir yfir sjálfstæði eyjanna í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu. 50,74% greiða atkvæði með sjálfstæði.

1954 Einar Már Guðmundsson, rithöfundur og skáld, fæðist í Reykjavík. Hann hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna Englar alheimsins árið 1995.

1961 Dag Hammarskjöld, annar aðalritari Sameinuðu þjóðanna og handhafi friðarverðlauna Nóbels, deyr. Hammarskjöld var á leið til friðarviðræðna þegar flugvél hans hrapaði.

Sjötugsafmæli Jóhanns fagnað með ráðstefnu

Jóhann P. Malmquist, prófessor í tölvunarfræði við Háskóla Íslands, fagnaði sjötugsafmæli sínu í gær og verður ráðstefna honum til heiðurs haldin á morgun. Þar munu samferðamenn hans á ferlinum og fyrrverandi nemendur halda fyrirlestra um tækni.

Jóhann er Reykvikingur, alinn upp í Hlíðunum. Hann er sonur Eðvalds B. og Ástu Thoroddsen Malmquist og átti tvö systkini. Það var bróðir hans Guðmundur, sem nú er látinn, sem benti Jóhanni á að fara í Menntaskólann á Akureyri og í 3. bekk fékk hann fyrst mikinn áhuga á lærdómi.

„Í 5. bekk sagði félagi minn mér frá grein úr Scientific American, um þessa nýju tækni,“ segir Jóhann. Þetta var árið 1969 og tölvur nær óþekktar á Íslandi. Jóhann fór til Ottos M. Michelsen, forstjóra IBM á Íslandi, og bað um að fá að fara á námskeið um þessi undrataeki. „Ottó sagði já, og ef ég stæði mig vel þyrfti ég ekkert að borga,“ segir Jóhann og brosir. „Ég fékk griðarlegan áhuga og las fjölmargar sjálfsnámsbækur. Í 6. bekk hélt ég svo sjálfur námskeið um tölvur í menntaskólanum.“

Fyrir árangur í stærðfræði fékk Jóhann styrk til náms við Carrol-háskólann í Wisconsin-fylki. Þar lærði hann stærðfræði og eðlisfræði með tölvufræði sem aukagrein. Síðar gekk hann í Penn State í Pennsylvaníu og varð fyrsti íslenski doktorinn í tölvunarfræði árið 1979.

Á þessum árum var Ísland langt á eftir Bandaríkjunum í tölvumálum. „Pabbi minn gafst upp á að reyna að útskýra fyrir fólki að ég væri að læra tölvunarfræði. Hann sagði að ég væri í stærðfræði því það skildi enginn hvað tölvunarfræði var á þessum tíma,“ segir Jóhann.

Tölvuvæðing ríkisstofnana

Eftir nám starfaði Jóhann við TJ Watson Research Center í New York-fylki, sem var ein af helstu rannsóknarstofnunum IBM. Það var mikil gróska og störfuðu þar meðal annars á áttunda hundrað doktorar og tveir Nóbelsverðlaunahafar. Hann starfaði í litlum rannsóknarhópi við verkefnið Query-by-Example sem er mikið notað. „Netið var þá komið og við vorum tengd út um allt, meira að segja til Grænlands. En ekki Íslands,“ segir hann og hlær.

Árið 1980 kom hann heim og hóf að starfa í fjármálaráðuneytinu. Það ár hafði íslenska ríkisstjórnin ákveðið að verja 4 milljónum króna í tölvuvæðingu ríkisstofnana og Jóhann leiddi þá vinnu. „Það var mikill munur að koma úr djúpum vísindalegum þælingum í það hvernig hægt væri að nota tölvur fyrir almenning.“

Jóhann hóf kennslu við Háskólann árið 1980 og varð prófessor fimm árum síðar. Hann segir deildina hafa verið sveiflukennda að og mikil bylting hafi orðið í kringum 1987 þegar PC-tölvur urðu vinsælar. Með fram kennslu hefur Jóhann komið að ýmsum verkefnum, meðal ann-



Jóhann Malmquist, fyrsti íslenski tölvunarfræðidoktorinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ars verið ráðgjafi hjá Apple og var einn af stofnendum GoPro.

Samferðafólk

Ráðstefna til heiðurs Jóhanni verður haldin í hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands á morgun, þriðjudag, klukkan 13.30. Þar munu samferðamenn hans og fyrrverandi nemendur taka til máls. Meðal þeirra er Robert Sutor, sem er yfirmaður TJ Watson hjá IBM, og mun hann ræða um skammtatölvur. Þær eru að hluta til byggðar á hugmyndum sem komu fram fyrir 40 árum, þegar Jóhann vann hjá stofnuninni. „Ólíkt því sem margir halda, þá gerist margt mjög hægt í þessum fræðum. Til dæmis komu fram hugmyndir um grafískt notendaviðmót á sjöunda áratugnum, sem varð svo ekki útbreitt fyrr en 1984 með Macintosh-tölvunni frá Apple.“

Aðspurður um hvar mestur vöxturinn verði á komandi árum segir Jóhann að tölvur geti nýst alls staðar. „Ef þú kemur fram með nýja hugmynd þarftu vanalega einhvern hugbúnað með. Ég held að vöxturinn verði fyrst og fremst í dreifingu tækninnar út um allt,“ segir Jóhann. Í dag er hann þátttakandi í tveimur sprotafyrirtækjum, á mjög ólíkum sviðum. Annars vegar til að meta hættu á blindu fyrir sykursjúka og hins vegar varðandi gervi-

greind til tónlistarkennslu. Samstarfsmenn Jóhanns í báðum verkefnum, Einar Stefánsson læknir og Eður M. Arnason, munu halda fyrirlestur.

Aðrir sem koma fram verða Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Háskólann, Ólafur Daðason, framkvæmdastjóri Hugvits, Helga Arnadóttir, stofnandi Tulipop, Björg Eiríksdóttir, kennari við Kársnesskóla, og Bragi Leifur Hauksson sem kom að tölvu- og netvæðingu stjórnkerfisins með Jóhanni.

Ekki hættur að kenna

Eiginkona Jóhanns er Svana Friðriksdóttir grunnskólakennari. Þau búa á Bárugötunni og eiga ekki langt í gullbrúðkaupið. Þau eiga þrjú börn, Skúla Friðrik kvikmyndaframleiðanda, Ara Benóný verkfræðinema og Ástu Berit arkitekt. Barnabörnin eru orðin níu.

Jóhann segir tölvunarfræðina sjálfa og kennsluna vera áhugamál hjá sér og einnig samverustundir með fjölskyldunni. „Aldurinn leggst vel í mig,“ segir Jóhann og brosir. „Þó ég hafi fengið þennan titil er ég ekki hættur að kenna. Mér finnst alveg sérstaklega gaman að kenna námskeið sem heitir „Frá hugmynd að veruleika“ þaðan sem alls kyns verkefni hafa sprottið og sum náð velgengi á alþjóðavísu.“ kristinnhaukur@frettabladid.is



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðrún Sigurðardóttir

lést á Hrafnistu Hafnarfirði þann 8. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 18. september kl. 13.00.

Sigurður Valur Ásbjarnarson Hulda Stefánsdóttir
Guðmundur Á. Ásbjörnsson Svanhildur Benediktsdóttir
Páll Hannesson
Guðrún Guðmundsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Eiginkona mín og móðir okkar, stjúpmóðir, dóttir, systir, fóstursystir og tengdadóttir,

Steinunn María Halldórsdóttir

tölvunarfræðingur,
Suðurgötu 19, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans 9. september. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 19. september. kl. 13.

Ketill Gunnarsson
Katla Ásta, Ari Gunnar
Kári Ketilsson
Rannveig Lund Halldór Gíslason
Þórhallur Ingi, Eypór
Katrín Anna Lund
Tove Dahle Gunnar Ragnarsson

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERDIST: 16. SEPTEMBER 1936

Rannsóknarskipið Pourqoui-pas ferst

Pourqoui-pas (Hvers vegna ekki?) var franskt skip sem vísindamaðurinn Jean-Baptiste Charcot sigldi á um heimsins höf, við fræðslu og rannsóknir. Skipið var smíðað árið 1908 og næstu áratugina sigldi það mikið við heimskautin.

Árið 1936 var Charcot að ferja leiðangurstæki til Grænlands, en þá ætlaði vísindamaðurinn Paul-Emile Victor að þvera jökulinn á 50 dögum. Á heimleið kom skipið við í Reykja-

vikurhöfn vegna bilunar. Eftir að það lagði úr höfn lenti skipið í ofsavæðri á Faxaflóa og fórst við Borgarfjörð.

Aðeins einn skipverji komst lífs af, Eugene Gonidec, en 40 fórust. Aðeins 23 lík fundust og voru þau flutt til Reykjavíkur og jarðsett í hinum nýja Fossvogskirkjugarði. Skipverjanna á Pourqoui-pas hefur margsinnis verið minnst og í Sandgerði var sett upp sýning til minningar um Charcot.



Franski reiturinn í Fossvogskirkjugarði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SAMSUNG

QLED

Þú kaupir QLED 2019 og Galaxy S10e fylgir með!*



*andvirði 109.900 kr. Gildir til 31.10.19 með Q60 og Q70, í 75"/82". Q85 í 82" og öllum stærðum með Q90, Q900. Einnig 55", 65" FRAME

Samsung QLED is Quantum dot based TV



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



***SENDUM UM LAND ALLT**



ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík 9 9 °C ↓	Ísafjörður 4 1 °C ↘	Akureyri 6 11 °C ↗
Egilsstaðir 7 7 °C ↓	Kirkjubæjarkl 8 4 °C ↓	Hveravellir 0 6 °C →

Vestan 13-20 og úrkomulítið með morgninum, hvassast á Suðausturlandi, en lægri síðan samán saman. Viða smá skúrir, en bjartviðri suðaustan til. Hiti 5 til 10 stig að deginum, en allviða næturfrost inn til landsins.

Þriðjudagur

Reykjavík 8 3 °C ↘	Ísafjörður 4 6 °C ←	Akureyri 7 2 °C ↓
Egilsstaðir 8 1 °C ↗	Kirkjubæjarkl 8 4 °C ↓	Hveravellir 2 0 °C ○

Miðvikudagur

Reykjavík 6 6 °C ←	Ísafjörður 4 5 °C ←	Akureyri 3 2 °C ←
Egilsstaðir 5 2 °C ↘	Kirkjubæjarkl 4 6 °C ↓	Hveravellir 2 4 °C ↑

LÉTT

		4			6	9
9		2	6	5		
2	7		9		1	4
				8		3
	9		7	4		8
	4	3			7	
4		9	5			
	5			8	2	
	2		7			

MIDLUNGS

1			3	4		2	6	8
				6	9			
	5			1		7		
					4	8	2	
8	1	4				3		
			5	6				
4				7		5	1	
	3							2
6		9						

PUNG

	6					7
	5		7		6	
4						
9	7		4			3
5	4	6				9
				9		1
1		4			8	
	3		9			7
	8					5

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 ávöxtur
 5 fuglahljóð
 6 í röð
 8 flosna
 10 átt
 11 ástæður
 12 óbrigðull
 13 fíkniefni
 15 tala
 17 fyrirgangur
- LÓDRÉTT**
 1 þjóðsaga
 2 grútarlampi
 3 líkja
 4 nurlari
 7 íbrótt
 9 fækka
 12 fódurull
 14 stígur
 16 utan

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 akarn, 5 rop, 6 áb, 8 flagna, 10 sa, 11 bakund, 9 grísa, 12 vatn, 14 rís, 16 an.
 LÓDRÉTT: 1 arfsögn, 2 kola, 3 apa, 4 náðs, 7 rök, 12 viss, 13 gras, 15 nhlán, 17 tann.

Skák Gunnar Björnsson

Ivanov átti leik gegn Dimitrov í Búlgaríu 1983.

- 1... Hxg2+! 2. Rxx2 (2. Kxx2 Dxh3+! 3. Kxh3 Bxf3#).
- 2... Dxh3+! 3. Kxh3 Bg4# 0-1.

www.skak.is Fyrri hluti Íslandsmóts skáklaga 2019-2020 fer fram dagana 3.-6. október nk. Fyrri hlutinn fer fram í Rimaskóla. Fyrsta umferð (einguu í 1. deild) mun hefjast kl. 19.30 fimmtudaginn 3. október.



Svartur á leik

9	5	6	1	4	7	2	3	8
7	1	3	8	2	5	6	9	4
8	4	2	9	3	6	7	5	1
4	6	9	5	7	2	8	1	3
5	7	8	3	6	1	9	4	2
2	3	1	4	8	9	5	6	7
6	8	5	2	1	4	3	7	9
1	2	7	6	9	3	4	8	5
3	9	4	7	5	8	1	2	6

5	1	2	3	4	6	8	9	7
6	3	8	5	7	9	1	4	2
7	4	9	8	1	2	3	5	6
4	2	7	9	3	1	5	6	8
8	5	3	2	6	4	7	1	9
9	6	1	7	5	8	4	2	3
1	7	6	4	2	3	9	8	5
2	8	5	1	9	7	6	3	4
3	9	4	6	8	5	2	7	1

6	1	2	3	8	4	7	9	5
9	3	4	7	1	5	8	2	6
5	7	8	9	6	2	1	3	4
2	5	3	8	7	6	9	4	1
7	4	6	2	9	1	3	5	8
1	8	9	4	5	3	6	7	2
8	9	5	1	2	7	4	6	3
4	6	1	5	3	9	2	8	7
3	2	7	6	4	8	5	1	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Grísahnakki Ferskur

1.298 kr./kg

SG Grísahnakkasneiðar Ferskar

BONUS EKKERT BRUÐ!

HVER VANN?

Sportíð á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Olga og Anna en verk þeirra er sprottið úr reynslu við gerð listaverka fyrir fangelsið á Hólmsheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tími og rými

Olga Bergmann og Anna Hallin sýna eftirmynd af fangaklefa á sýningu í Hafnarborg.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Fangelsi er innsetning eftir Olgu Bergmann og Önnu Hallin í Sverrissal í Hafnarborg í Hafnarfirði. Verkið er sprottið úr reynslu þeirra við gerð listaverka fyrir fangelsið á Hólmsheiði.

Listaverk fyrir fangelsi

„Árið 2014 var auglýst samkeppni um listaverk fyrir fangelsið á Hólmsheiði og tillaga okkar Önnu var valin. Fangelsið er á svæði þar sem er bæði mikið fuglalíf og falleg náttúra og sóttí tillagan innblástur í umhverfið,“ segir Olga. „Verkið í fangelsinu er þrískipt verk með gegnumgangandi fuglaþema. Í aðkomugarði fangelsisins

komum við fyrir trjásafni sem samanstendur af tíu mismunandi trjátegundum. Trjásafnið tákna hóp ólíkra einstaklinga sem saman mynda eins konar samfélag. Í trjásafninu er fuglahótel – fjölbyli fyrir fugla og þaðan er bein útsending inn á bókasafn fangelsisins. Þannig geta fangar, einstaklingar sem eru undir stöðugu eftirliti, haft eftirlit með fuglalífnum. Þetta er öryggisfangelsi þannig að þar eru mörg lög af girðingum og fangar sem horfa út um glugga horfa annaðhvort í gegnum girðingar eða á steypa vegg.“

Þriðji hluti verksins eru línuteikningar af flugi fugla og því hvernig þeir hreyfa sig í loftinu og voru teikningar af flugmyndstri sjö fuglategunda síðan fræstar í vegg í útivistargörðum fangelsisins.

Eftirmynd af fangaklefa

Hluti af nýrri innsetningu listakvinnanna í Hafnarborg er eftirmynd af dæmigerðum fangaklefa á Hólmsheiði. Sýningargestir geta farið þar inn, einn í einu, og verið bak við lokaðar dyr um stund. „Við höfum verið að skoda hugmyndir um lokað samfélag inni í samfélagum, svolitíð eins og sögu inni í sögu. Í öllum samfélögum er við lýði sú aðferð að refsa fólki og loka það inni. Við erum einnig að velta fyrir okkur hugmyndum um frelsi

VIÐ ERUM EINNIG AÐ VELTA FYRIR OKKUR HUGMYNDUM UM FRELSI OG EFTIRLIT.

og eftirlit. Fangar í öryggisfangelsi búa við strangt eftirlit í lokuðu kerfi en eftirlitsskapítalisminn er grasserandi fyrir utan fangelsið, eins og til dæmis á Facebook og víðar,“ segir Olga.

„Það er einnig alltaf fylgst með því hvað við, sem erum ekki í fangelsi, erum að gera og við skrasetjum það líka sjálf. Þetta eru hlutir sem við höfum mikið verið að hugsa um,“ segir Anna.

Í glugga klefans er vídeó sem var tekið upp á nokkrum stöðum í fangelsinu á Hólmsheiði. „Það er eins og einhver sagði: Í fangelsi er nógur tími en takmarkað pláss. Við erum að reyna að koma því til skila. Kjarninn í þessari innsetningu er tími og rými,“ segir Anna.

Auk klefans eru vídeóverk á sýningunni sem meðal annars byggja á upptökum úr eftirlitsmyndavélum í fuglahótel fangelsisins.

Í tengslum við sýningu þeirra Olgu og Önnu kemur þann 21. september út bók um verkefni þeirra í fangelsinu. Þann dag verður kynning á bókinni og leiðsögn um sýninguna.



Fangaklefinn, innsetning listakvinnanna í Hafnarborg.

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM Í ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem vilja læra leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.

Námið:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögunáms, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þau Paulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á sínu sviði. Boðið er upp á dag eða kvöldnám auk þess sem farið verður í fjölda vettvangsferða.

Umsögn: „Fyrir nokkrum árum stundaði ég leiðsögunám í Ferðamáskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum mínum. Fjölmarginir kennarar komu að kennslunni sem áttu auðvelt með að ná til mín, auka áhuga minn á náms-efninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er. Auk þess hvöttu þeir okkur til að virða landið okkar. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.“

Námið gefur mikla atvinnuöguleika og það eru spennandi tímar framundan.

Ferðamáskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism



Guðrún Helga Bjarnadóttir

OPÍÐ
8-22

Ferðamáskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

EKKI
MISSA
AF ÞESSU!

ÚTSALA Á HJÓLUM OG HJÓLAVÖRUM

25-45%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

GAP



Ertu með RÚV-appið?



Fyrir þig þegar þér hentar

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.



okkar allra

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Útsvar 2017-2018
- 14.15 Enn ein stöðin
- 14.40 Maður er nefndur
- 15.20 Út og suður
- 15.45 Af fingrum fram
- 16.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
- 16.45 Silfrið
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lalli Lalli færir ykkur allan heiminn þegar hann grípur litina sína. Hann er svo flinkur að teikna hann Lalli.
- 18.08 Minnsti maður í heimi Stuttir þættir um ævintýri minnsta manns í heimi.
- 18.09 Simon Simon er hress og skemmtileg kanína sem tekst á við alls kyns áskoranir og lærir af mistökum sínum.
- 18.14 Refurinn Pablo
- 18.19 Letibjörn og læmingjarnir Teiknimyndapættir um björn sem býr í Þjóðgarði í Kanada og heldur að hús skógarvarðarins sé yfirráðasvæði hans þegar skógarvörðurinn bregður sér frá. Vandamálið er að hópur læmingja hefst einnig við í húsinu og sambúð bjarnarins og læmingjanna gengur ekki sérstaklega vel.
- 18.26 Klingjur
- 18.37 Móí
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.05 Reikistjórurnar Heimildarþáttaröð frá BBC þar sem eðlisfræðingurinn Brian Cox rannsakar mikilfenglega sögu reikistjarna í sólkerfinu okkar.
- 21.10 Hernám Önnur þáttaröð þessara norsku spennuþátta sem byggðir eru á hugmynd Jo Nesbø hefst sex mánuðum eftir lok fyrstu þáttaraðar. Noregur en enn undir hernámi Rússa og forsætisráðherra Noregs hefur verið sendur í útlegð til Svíþjóðar þar sem hann leitar leiða til að ná aftur tókum á landi sínu. Aðalhlutverk: Henrik Mestad, Eldar Skar og Ane Dahl Torp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Magnús Þór - afmælistónleikar Uptaka frá 70 ára afmælistónleikum lagahöfundarins og textaskáldsins Magnúsar Þórs Sigmundssonar í Háskólabíói. Á tónleikunum fær hann til liðs við sig mikið af gömlum vinum, þar á meðal Pál Óskar, Ragnheiði Gröndal, Jónas Sig, Þórunni Antoníu, Jóhann Helgason, Sverri Bergmann og Fjallabædur. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
- 00.10 Króníkan Dönsk þáttaröð sem hefst árið 1949 og segir frá lífi fjögurra ungra Dana á 25 ára tímabili þegar samfélagið tekur miklum breytingum. Meðal leikenda eru Anne Louise Hassing, Ken Vedsegaard, Anders W. Bertelsen, Maibritt Saerens, Waage Sandø, Stina Ekblad og Pernille Højmark. e.
- 01.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 A Military Tribute at the Greenbrier
- 11.00 Solheim Cup 2019
- 17.00 A Military Tribute at the Greenbrier
- 20.00 PGA Highlights 2019
- 20.55 Solheim Cup 2019

ÚTVARP

- | | | | | |
|------------------|---------------------|----------------------|---------------------|-----------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 Ný sýn
- 14.20 Jane the Virgin
- 15.05 90210
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 Superstore
- 20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
- 21.00 Seal Team
- 21.50 MacGyver
- 22.35 Det som göms í snó
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 The Good Fight
- 02.20 Grand Hotel
- 03.05 Basketts
- 03.30 White Famous
- 04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Flugur. Rosanne Cash, Carlene Carter og Rosey Nix
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta. Eyjahopp
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Að rækta fólk. Kennarastarfið og framtíðin
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Hátalarinn Paradox
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Krakkavikan
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgagan. Svipir dagsins og nótt
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.00 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Nætúrútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.30 My Old Lady
- 13.15 Wolves
- 15.05 Matilda
- 16.45 My Old Lady
- 18.30 Wolves
- 20.20 Matilda
- 22.05 Suicide Squad
- 00.10 Wish Upon
- 01.40 Sinister
- 03.15 Suicide Squad

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Friends
- 07.50 Gilmore Girls
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Allir geta dansað
- 11.05 The Big Bang Theory
- 11.25 Divorce
- 12.00 Landnemarnir
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol
- 14.25 American Idol
- 15.50 Lego Master
- 16.40 The Big Bang Theory
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.23 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakkinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Gulli byggir Fjórða þáttaröðin með Gulla Helga og nú fylgjumst við með endurbótum á gömlu húsi á Bræðraborgarstíg sem hústökufólk hafði lagt undir sig eftir hrun. Við fylgjumst með endurbótum á húsi í Arbænum þar sem ýmislegt leynist undir húsinu og allt er lagt í sölnurnar við að komast inn fyrir jól. Í Stóra-gerði var heil hæð tekin í gegn og bókstaflega snúið við og í miðbænum var hús frá 1881 gert upp. Í einni götu í Grindavík byggir heil fjölskylda sex einbýlishús úr krosslímdum einingum. Að lokum fylgjumst við með leikarahjónunum Nínu Dögg og Gísla Erni taka húsið sitt á Seltjarnarnesi í gegn.
- 20.10 Grand Designs. The Street
- 21.00 Suits
- 21.45 The Righteous Gemstones
- 22.25 Snatch
- 23.10 60 Minutes
- 23.55 Succession
- 00.55 A Confession
- 01.40 The Deuce
- 02.40 Thirteen
- 03.35 Thirteen
- 04.25 Thirteen
- 05.20 The Detour
- 05.40 The Detour
- 06.05 The Detour

STÖÐ 3

- 19.10 Mom
- 19.35 The Big Bang Theory
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 21.00 Schitt's Creek
- 21.30 Empire
- 22.15 Who Do You Think You Are?
- 23.20 Peaky Blinders
- 00.20 Claws
- 01.05 The Big Bang Theory
- 01.30 Mom
- 01.55 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 06.45 Ísland - Moldóva
- 08.25 Breiðablik - Fylkir
- 10.10 Stjarnan - FH
- 11.55 Pepsi Max Mörk karla
- 14.15 England - Kósóvó
- 15.55 Albania - Ísland
- 17.35 Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
- 18.35 Derby - Cardiff
- 20.40 La Liga Report 2019/2020
- 21.10 Evrópudeildin - fréttapáttur
- 22.00 UFC 242. Khabib vs Poirier

STÖÐ 2 SPORT 2

- 19.05 Breiðablik - Stjarnan
- 21.15 Pepsi Max Mörk kvenna

HÖFUM OPNAÐ NÝJAN SÝNINGARSAL




STÆRSTI
SÝNINGAR-
SALUR
Á ÍSLANDI

Erum með: Rafmagnspotta - Hitaveituskeljar - Plug & Play

Hitaveituskeljar



The Queen



The King



Yukon

LOK
Á POTTA



Heitirpottar.is

Höfðabakki 1, við Gullinbrú | Sími 777 2000



Ævintýralegt
haust í Höllinni



JAY

La-z-boy hægingastóll. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 97 x 94 x 107 cm

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

L A Z B O Y *Live Life Comfortably*



PINNACLE

La-Z-Boy hægingastóll.
Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

143.992 kr.
~~179.990 kr.~~



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

furninova

Vegna endurnýjunar sýningarrýmis seljum við öll sýningareintök frá Furninova í Reykjavík með

30-40%
AFSLÆTTI

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

10 spurningar og svör um ástina

Kolbrún Pálina og Kristborg Bóel sjá um nýja þáttaröð í Sjónvarpi Símans um ástina. Það er því ekki úr vegi að forvitnast aðeins um ástina hjá þeim sem ætla að fræða landsmenn um allt sem tengist ást og samböndum. Þær eru allavega svo fróðar að spurningarnar 10 voru allt í einu orðnar 11.

Hvað er ást? Eins og yngsti viðmælendinn okkar orðaði það svo vel, aðeins fimm ára gamall: „Ást er bara loft. Hún er í heilanum á manni.“

Ást er tilfinning sem við upplifum á mismunandi hátt – tilfinning sem framkallar líkamleg og andleg viðbrögð og fær hjartað til að slá hraðar. Ást er líka alls konar, ekki aðeins til maka, heldur einnig til fjölskyldu og vina, þessi djúpa væntumþykja sem hlýjar manni að innan.

Er ást við fyrstu sýn raunveruleg? Hrifning við fyrstu sýn er án efa til en ást er stórt orð og stór tilfinning. Hrifning getur svo breyst í ást þegar fólk kynnist betur, tengist á dýpra sviði og fer að treysta annarri manneskju fyrir hjarta sínu, tilfinningum og veikleikum.

Er Tinder betri leið en miðbærinn um miðja nótt eða hvernig kynnist fólk í nútímasamfélagi? Er ekki bara allur gangur á því hvernig fólk kynnist í dag eins og áður? Hvort sem það er í gegnum stefnumótasítorrit, í miðbænum, í gegnum sameiginlega vini eða hreinlega bara dettur um hvort annað á einhverjum ólíklegum stað og eitthvað magnað gerist. Hvað er betra og hvað er verra?

Er allt leyfilegt í ást og stríði? Nei, það er ekki leyfilegt að gera hvað sem er í ást og stríði og skýla sér á bak við það. En það er vissulega það sem á það til að gerast þegar fólk upplifir heita ást, höfnun, skilnað, átök og stríð. Það kenndi okkur enginn að bregðast við þessum tilfinningum. Það kenndi okkur enginn að lenda í ástarsorg. Það kenndi okkur enginn að skilja. Sem er ein af ástæðum þess að við förum í þessa þáttagerð, til þess að skoða það hvort og hvernig er hægt að gera þessa erfiðu og flóknu hluti betur.

Hláturinn lengir lífið en kveikir hláturinn ástarneistann? Við sjáum það í þáttunum að það eru í raun til allar tegundir ástarsambanda. Stundum fellur fólk hratt fyrir hvort öðru á meðan í öðrum tilfellum fellir fólk hugi saman þegar það er í raun farið að þekkjast vel og já, hlæja saman. Húmor og hlátur er eitthvað sem við teljum mjög mikilvægt í góðu sambandi. Það gerir lífið betra að hafa húmor fyrir því og sambandið sömuleiðis þegar fólk hefur húmor fyrir sjálfu sér og mistökum sínum. Mikilvægi vináttu innan parasambanda var það sem flestir nefndu í þáttunum og að gefa sér tíma til þess að rækta sambandið tvö ein og einmitt að eiga góðar stundir saman.

Er til stafrænt framhjáld? Já. Þetta er mikilvæg umræða í samfélag-



Ást er ný þáttaröð um rómantík, sambönd, skilnað og flestallt það sem tengist ástinni.

inu í dag þar sem við höfuð verið að aðlagast þessu rafræna lífi sem er enn frekar nýtt. Því fylgdu hins vegar engir leiðarvisar svo fólk hefur verið að reka sig á hvar mörkin liggja þar enda aðgengi að fólki og freistingum orðið auðveldara en áður. Það sem öllu skiptir í sambandi í dag er að ræða þessi mál strax í upphafi. Hvar liggja mörkin? Hvernig viljum við hafa okkur? Hvað finnst okkur í lagi? Ráðgjafar þáttanna mæla með því að fólk leggi þessar línur í sameiningu og sé sammála um gildi sambandsins, setji sér sameiginleg markmið um framkomu og hegðun við annað fólk og ræði þessi mál í þaula.

Er rómantíkin og herra mennskan dauð? Svo sannarlega ekki – við höfum komist að því í þessari miklu rannsóknarvinnu að rómantíkin er úti um allt. Hún er bara ekki endilega í formi blóma og gjafa. Rómantík getur verið að taka upp kartöflur saman, vinna saman að því að gera íbúðina eins og þið viljið hafa hana, plana smá

tíma með elskunni þinni, sjósund, falleg orð, óvæntur matur og bara í raun hvað sem er. Við höfum verið mótuð á því hvað á að vera rómantík afbíómyndum og fjölmiðlum og það hefur sett mikla pressu á sambönd og gefið fólki ranghugmyndir. Þetta er annar þáttur sem mikilvægt er að ræða. Finndu út hvað manneskjunn þinni finnst raunverulega rómantískt. Það er í raun rómantískt út af fyrir sig að sýna því áhuga og skilning og um fram allt að bregðast við því.

Er hin eina sanna ást til? Já. 100 prósent.

Er eitthvað sem einkennir hamingjusöm pör? Góð samskipti, traust og vináttu. Það er þráðurinn sem einkenndi svör allra ráðgjafanna okkar þegar kom að því að ræða góð sambönd. Sama hvaða svið það er, þá þarf að ræða það. Fólk sem á í góðum samböndum þekkir hvort annað í þaula og sú þekking kemur með djúpum samtöllum og góðum samskiptum. Þegar þú þekkir makann þinn og veist hvað gerir hann leiðan, gláðan, hvað kemur honum á óvart, hvað kemur honum til, hvað honum finnst rómantískt, hvað gerir hann óöruggan og afbrýðisaman og svo framvegis eru minni líkur á árekstrum. En til að eiga í góðu sambandi við aðra manneskju þarftu sömuleiðis að þekkja vita þessa hluti um sjálfan þig. Það er aldrei hægt að ætlast til þess af einhverjum að hann lesi hugsanir. Svo það er mikilvægt að leggja á sig þessa vinnu, dansa fallega saman.

Byron lávarður sagði að ást gæti ekki breyst í vináttu en vináttu gæti breyst í ást. Hver er ykkar skoðun á orðum Byrons? Það er allt til þegar kemur að ástinni. Við heyrðum bæði sögur af því að fólk hefði hrifist af hvort öðru við fyrstu sýn og eftir að hafa þekkt lengi. Þetta er það magnaða við ástina, hún er óútreiknanleg og kemur okkur sífellt á óvart.

Lærðu þið mikið um ástina í þessu ferli? Var eitthvað sem kom ykkur á óvart? Í raun má segja að við höfum farið í gegnum hrað-mastersnám í ástinni á þessu tímabili. Það kom okkur á óvart hversu fólk var tilbúið til að opna sig um sín hjartans mál og deila með okkur lífi sínu. Það sem kom okkur einnig skemmtilega á óvart var rauði þráðurinn sem myndadist gegnum þáttinn, en flestir, bæði sérfræðingar og aðrir viðmælendur, töluðu um mikilvægi sjálfsástar. Að hver og einn einstaklingur læri að elska og virða sjálfan sig en án þess er hann ekki tilbúinn til að elska aðra manneskju. Makinn getur aldrei verið ábyrgur fyrir þinni hamingju, hún er þín að skapa, þó svo að fólkið þitt sé vissulega bónus þar á. benediktboas@frettabladid.is



Kolbrún Pálina og Kristbjörg Bóel trúá á hina einu sönnu ást.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SERBLÖÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

GERIR ÞÚ KRÖFUR?

Með kröfufjármögnun
Kríta geta fyrirtæki fengið
lán út á reikningana sína
strax á útgáfudegi.

Engin skjalagerð, engir
fundir, engar flækjur.



PIPA TBWA - SÍA

Kannaðu málið á krita.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar Brynjólfssonar



Rostungar

Mamma sagði við mig, stundum þegar ég var að rífa kjaft: „Vertu ekki með þennan rosta, Guðmundur.“ Þá var ég ungur. Rostungur.

Það sem ég er að reyna að segja er þetta: Það hafa engir rostungar drepist út við Ísland, hvorki á landnámsstið eða síðar. Þeir hafa bara elst.

Þessi kenning um einhverja íslenska rostunga sem eiga að hafa drepist út þegar landnámsmenn slysuðust hingað er ekki annað en blekking, til þess ætluð að draga athyglina frá fyrirhuguðum vegtollum.

Sjáði nú til: Það var einu sinni kona suður á Vatnsleysuströnd sem þurfti að fara í aðgerð á mjöðm. Hún var frekar fáfróð þessi kona og litt veraldarvön og því hægt að segja henni eitt og annað. Sem hún trúði. Hún bar sig upp við nágranna sinn og lýsti yfir áhyggjum af þessari aðgerð. Granni hennar, spaugsamur maður, tjáði henni að svona operasjón væri lítið mál. Það eina, sagði hann, sem gæti hugsanlega truflað hana síðar meir væri, að það yrði grætt í hana hundsbein í þessari aðgerð. En það myndi hafa þær afleiðingar að í hvert sinn sem hún þyrfti að pissa myndi lyftast á henni sá lærleggurinn sem væri neðan við umrædda mjöðm.

Konan fór í aðgerðina, dauðhrædd, en meig eðlilega á eftir. Ástæðan fyrir því að maðurinn hafði logið þessu að blessaðri konunni var sú að hann var að missa hárið, en vildi draga athygli sveitunga sinna frá því; þeir hefðu þá um eitthvað annað að tala en verðandi skallann á honum.

Af þessu má læra að sögur um vísindaleg stórmerki eru aldrei til neins annars meint en að tál-draga og afvegaleiða sauðsvartan almúgann.

Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN

Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ

Kvikk
ON THE GO



Losaðu þig við myndlykilinn!

Tilboð

Apple tv

Apple TV 4K
9.990 kr.
útborgun

Fylgir ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova í 12 mánuði.

Tilboð

Mi

Mi Android TV
0 kr.
útborgun

Fylgir ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova í 6 mánuði.



Sjónvarpsgræjan á tilboði með ótakmörkuðum Ljósleiðara!

Með réttu sjónvarpsgræjunni, Nova TV og Ljósleiðara getur þú sagt bless við óþarfa myndlyklagjald og notið þess að horfa á sjónvarp framtíðarinnar á netinu!

Stærsti skemmtistaður i heimi!

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA